

1874.

17. júlí.

smærra letur og verður yfirhöfuð að við hafa meira sparnað við prentun þeirrar deildar.

Tíðindin öll skulu kauplaust send öllum yfirvöldum, landsyfirrettinum, landfógetanum, landlækninum, sýslumönnum, sveitastjórnnum, embættismönnum andlegrar stéttar og umboðsmönnum þjóðjarða á Íslandi. Að öðru leyti geta menn pantað tíðindin fyrir það kaupverð, sem þér hafið stungið uppá, sem er 80 sk. (1 krónu 66 aurar) um árið, en fyrir þetta ár frá 1. ágúst til 31. desbr. 40 sk.

Eins og þér, herra landshöfðingi, hafið gjört ráð fyrir, skal þar að auki hafa deildina A. til þess að þinglýsa þeim lagaðómum, sem hún hefir inni að halda. Exemplör þau af deildinni A., sem með þarf til þessa, — en ætlazt er til að til útbýtingar kauplaust gangi hér um bil 425, til áskrifanda hér um bil 200 og til þinglýsingar hér um bil 175 exemplör — verða send yður hëðan til frekari ráðstöfunar, og mælumst vèr til, að þér sendið stjórnnarráðinu nokkur exemplör af deildinni B.

Fyrir ritstjórn á deildinni B. megið þér greiða hlutaðeiganda 10 rd. fyrir örkina, allt að 150 rd. á ári, og 50 rd. árlega í þóknun fyrir útbýtingu og fyrir fjárheimtu og reikningastörf við báðar deildirnar; þar að auki megið þér verja allt að 150 rd. á ári til ritlauna fyrir landshagsskýrslur þær, sem getið var að framan, og má borga öll þessi útgjöld og kostnaðinn að öðru leyti við prentun og til pappírs, og við að senda tíðindin með póstum, — en stjórnnarráðið hefir talið útgjöld þessi samkvæmt áætlun yðar í fyrnefndu brèfi yðar — úr jarðabókarsjóði Íslands, að frá dregnu gjaldi áskrifanda, þannig að upphæðin fyrir yfirstandandi ár samkvæmt fyrnefndum konúngsúrskurði verði talin til útgjalda samkvæmt 6. gr. áætlunarinnar.

18. júlí.

56. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um styrktarsjóð Örum og Wulfs.

Um leið og vèr skýrum yður, herra landshöfðingi, frá, að

stjórnarráðið hefir í nafni konungs útgefið staðfesting á gjafa-
bréfi verzlunarfélagsins *Örums og Wulffs*¹ hér í borginni, — en
með því hefir tæð verzlunarfélag í tilefni af þúsund ára hátíð Íslands
gefið 1500 rd. í konunglegum skuldabréfum, sem hljóða uppá
4 rd. leigu af hundraði á ári, til þess að stofna sjóð fyrir Suður-
Þingeyjarsýslu og Múlasýslurnar báðar, sem nefnist *styrktarsjóður*
Örums og Wulffs — sendum vör yður staðfestingarskjalið, og
skal því við bætt, að skuldabréfin munu seinna verða send.

1874.

18. júlí.

Fylgiskjal.²

Í minning þúsund ára hátíðar Íslands gefum vör hérmeð 1500
rd. í konunglegum skuldabréfum, sem hljóða uppá 4 af hundraði
í leigu á ári, til þess að stofnaður verði sjóður handa Suður-
Þingeyjarsýslu, og Múlasýslunum báðum í norður- og austur-
umdæmi Íslands, en í þeim sýslum höfum vör haft atvinnu vora
um langan aldur. Um stjórn sjóðsins og hvernig honum skuli
verja, setjum vör þær reglur, sem hér koma.

1. gr.

Sjóðurinn skal nefnast „*Styrktarsjóður Örums og Wulffs*“

2. gr.

Innstæðan skal ávallt standa ósnert, Vöxtuna skal fyrst
um sinn geyma, þangað til stofnaður er landbúnaðarskóli í norður-
og austurumdæmi Íslands, og skal fyrir vaxtafé það, sem sparazt
hefir, kaupa konungleg skuldabréf, sem leggist til innstæðunnar.
Þegar búið er að koma slíkum skóla á fót, skal verja leigunum
af sjóðnum til þess að styrkja ungan námfúsan mann af bænda-
stætt úr fyrnefndum sýslum, — og þá ef unnt er sinn í hvert

¹) Stórkaupmaður Jens Hemmert er nú eigandi þessarar verzlunar
og stendur fyrir henni.

²) Frumritið er á Dönsku. — Á Íslensku prentað í Stjórnartíðindum
fyrir Ísland 1875. B., bls. 24—25.

1874.

18. júlí.

skipti úr hverri sýslunni, — sem hefir löngun til að ganga á landbúnaðarskóla, en vantar efni til þess.

3. gr.

Fyrst um sinn stjórnar amtmaðurinn yfir norður og austur-umdæminu og verzlunarstjóri vor á Húsavík sjóðnum, en þegar búið er að stofna fyrnefndan landbúnaðarskóla, skal leggja sjóðinn undir stjórn skólans.

4. gr.

Sé skólinn eigi stofnaður, þá er innstæðan ásamt með leigunum er orðin 2000 rd., skal verja leigunum til ferðastyrks handa ungum manni, eins og áður var sagt, sem æskir að afla sér þekkingar erlendis á landbúnaði og jarðarrækt, og verður hann, til þess að fá styrkinn, að leita til þeirra manna, sem fyrst var getið í 3. gr., er þeir skulu útbýta gjöfinni; vitnisburðar héraðs-prófastsins um, að sá, sem sækir um styrkinn, sé hans maklegur, þarf með. Jafn skjótt og búið er að stofna skólann í norður- og austurumdæmi Íslands, fellur þessi ákvörðun úr gildi, og skal þá farið eftir því, sem sagt er í 2. gr.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega senda reikning til landshöfðingjans yfir Íslandi um efnahag sjóðsins og hvernig honum hefir verið varið.

Kaupmannahöfn, 17. júlí 1874.

Örum og Wulff.

24. júlí.

57. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um Vesturheimsfara.

Til samlags við bréf dómsmálastjórnarinnar 29. f. m. gefum vör yður, herra landshöfðingi, til vitundar, að utanríkisstjórnin hefir svarað fyrirspurn þeirri, sem borin var upp fyrir henni, um það, hvort menn, sem hafa flutt sig af Íslandi og farið til